

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Vestmannaeyjum



<b>Dags eftirlits</b>	22.5.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Skeljungur	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Borgartún 26	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5902691749	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Eiríkur Þorsteinsson	<b>ÍSAT nr.</b>	51.51.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	436288,588 327656,205

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik fundust í eftirliti en athugasemd er gerð við aðgengi að stöðinni.

## UMFANG EFTIRLITS

Áslaug Rut Áslaugsdóttir fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands var með í för í eftirliti í olíubirgðastöð Skeljungs hf. í Vestmannaeyjum.

Umhverfisstofnun hafa borist teikningar sem stofnunin hefur samþykkt fyrir sitt leyti, en þar er gert ráð fyrir svartolíugeymi í stöðinni ásamt nýrri löndunar- og afgreiðslulögn niður á bryggjukant við Binnabryggju. Framkvæmdir við þessar fyrirhuguðu breytingar eru ekki hafnar, en verið er að færa aðkeyrslu að baklóð stöðvarinnar (Eiði 4) og einnig stóðu yfir framkvæmdir við háþrystipvott og sandblástur á geymum stöðvarinnar þegar komið var í eftirlit.

Farið var yfir kröfur í starfsleyfi sem gerðar eru til stöðvarinnar. Fjóra geyma, B201 – B204, skal botnþykktarmæla á árinu.

Fjórar lagnir hafa verið þrýstiprófaðar nýlega og mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskilja skulu berast Umhverfisstofnun á árinu.

Vel er gengið um úrgangsolíu og kvittanir fyrir móttöku olíunnar og afgreiðslu í skip liggja fyrir.

Bensín er geymt í stöðinni. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnna lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirbyggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað. Stöðin í Vestmannaeyjum hefur ekki gufuöfnunarbúnað.

Farið var yfir magntölur fyrir stöð Skeljungs, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær), olíuskiljur og fráveitumál.

Vegna framkvæmda stendur stöðin að hluta opin en krafa er í olíureglugerðinni nr. 35/1994 að olíubirgðastöðvar skulu vera afgirtar með minnst 2.0 m hárrí girðingu sem hindrar óviðkomandi umferð (grein 43). Flýta þarf lokun stöðvarinnar.

Starfsleyfi er í gildi til 2018. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók. Rekstrarhandbók í góðu lagi.

## ATHUGASEMDIR

Flýta þarf lokun stöðvarinnar og setja upp hliðgrindur í innkeyrslu í syðri hluta stöðvarinnar.

Reykjavík, 04.06.2014

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.